

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í vopnalögum nr. 16 25. mars 1998 og með hliðsjón af XXIX. kafla II. viðauka EES-samningsins (tilskipun 93/15/EBE), öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 10. september 2003.*

**Björn Bjarnason.**

---

*Stefán Eiríksson.*

8. september 2003

Nr. 689

## AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Hríseyjar 1988 – 2008, landnotkun við Austurveg.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. september 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hríseyjar 1988-2008 frá 16. nóvember 1989.

Breytingin felst í því að 2600 m<sup>2</sup> svæði sem skilgreint er sem svæði til sérstakra nota verður svæði fyrir frístundahús.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Hríseyjarhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 8. september 2003.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

8. september 2003

Nr. 690

## AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Hríseyjar 1988 – 2008, golfvöllur.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. september 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hríseyjar 1988-2008 frá 16. nóvember 1989.

Breytingin felst í því að íbúðarsvæði til afnota eftir skipulagstímabil, opin svæði, óbyggð og opíð svæði til sérstakra nota, íþróttasvæði og skógrækt verður svæði til sérstakra nota, golfvöllur. Stað svæðis er 28,5 ha.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Hríseyjarhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 8. september 2003.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*